

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en klukkan 20 frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en klukkan 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum og unglingum umferð og veru á tilteknum svæðum, þegar hún telur ástæðu, til öryggis.

Foreldrar eða forráðamenn barna bera ábyrgð á því, að fyrirmælum þessarar greinar sé framfylgt og hlýtt, að viðlögðum sektum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 79. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er borgarráði, að fenginni tillögu lögreglustjóra, að leyfa annan afgreiðslutíma, en um ræðir í 1. málsgrein, á greiðasölustað, sem aðallega er ætlaður fyrir ferðamenn á flugvelli eða umferðarmiðstöð.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.